

Ed.

60. Frumvarp til laga

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver umráðamaður sauðfjár að framkvæma rækilega böðun á öllu því sauðfé, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því og öðrum fyrir-mælum, sem getur um í 4. gr. Landbúnaðarráðuneytið gefur út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sé fylgt.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf í sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrir-mælum þessara laga, sem og að nothæf baðtæki séu til á hverju heimili.

4. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með, að allir baði. Skulu þær í þessu skyni skipa eftirlitsmann eða eftirlitsmenn, er skoði fé allt í hreppnum eða kaupstaðnum á þeim tíma, sem dýralæknir telur heppilegast, og kynni sér heilbrigði þess, þar á meðal sérstaklega, hvort nokkursstaðar verður vart við fjárkláða. Verði eftirlitsmaður var við fjárkláða einhversstaðar í umdæminu, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem þá skal gera ráðstafanir til, að hið kláðasjúka og grunaða fé verði einangrað og baðað á þann hátt, sem dýralæknir telur fullnægjandi til útrýmingar kláðanum, sem og að fjárhús verði sóttþreinsuð, svo sem hann telur fært og nauðsynlegt. Verði eftirlitsmaður var einhvers sjúkdóms, sem líklegt þykir, að geti verið fjárkláði eða annar hættulegur sjúkdómur, skal dýralækni þegar gert aðvart, svo úr því verði skorið, hver sjúkdómurinn er, og ráðstafanir gerðar gegn skaða af honum.

Eftirlitsmenn þeir, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 90 3. maí 1935, skulu hafa glöggar gætur á því, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi nægilegt eftirlit með því, að sauðfjárbaðanir fari fram, svo að sem fyllstum notum komi. Hreppsnefndum og bæjarstjórnnum ber að gefa þessum eftirlitsmönnum skýrslur um fjárkláða, sem vart hefir orðið við í umdæmi þeirra.

5. gr.

Eftirlitsmönnum þeim, sem um ræðir í 4. gr. 1. mgr., greiðist hæfileg þóknun fyrir starf þeirra úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Að öðru leyti greiðir umráðamaður sauðfjárins allan kostnað af hinum venjulegu þrifaböðum. Þurfi að tvíbaða féð vegna fjárkláða, greiðir rikissjóður andvirði baðlyfja í annað baðið, hvort sem það er samhliða hinni almennu þrifaböðun eða á öðrum tímum árs, svo og flutningsgjald undir þau á viðkomustaði strandsiglingaskipanna, kostnað við geymslu þeirra og afhendingu, en þangað vitji fjárhafar baðlyfjanna á sinn kostnað og greiði annan kostnað af böðuninni.

6. gr.

Nú verður kind sjúk með þeim hætti, að kláði kann að vera, og skal þá sá, er kindina hefir undir hendi, tafarlaust segja eftirlitsmanni frá því, enda einangri fjár-

hafi kindina þangað til gengið hefir verið úr skugga um það, hvort um kláða er að ræða, og þá nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til lækningar.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt lögum nr. 90 3. maí 1935, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—500 kr., sem renna í sveitar-sjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lög-reglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóvember 1914, um sauð-fjárbaðanir, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að endurgreiða sauðfjáreigendum þeim, er tví-böðuðu fé sitt vegna fjárkláða veturinn 1936—1937, verð baðlyfs í aðra þá böðun, og verði það greitt af fé því, sem veitt verður í fjárlögum 1938 til útrýmingar fjárkláða.